

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/1648
komudagur 19.2.2013

Reykjavík 19. febrúar 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd

Undirritaður hefur fyrir hönd Iðnmenntar ses, kt. 501083-0389, sem gefur út kort undir merkjum Ferðakorta, kynnt sér frumvarp til laga um náttúruvernd, þingskjal 537 – 429. mál og gerir eftirfarandi athugasemdir við 32. grein þar sem fjallað er um kortagrunn um vegi og vegslóða.

- 1) Nauðsynlegt er að við sem kortaútgefendur fáum ákveðinn fyrirvara eða aðlögun að lögunum þannig að við getum breytt kortunum okkar í samræmi við grunninn. Mikilvægt er að þetta liggi fyrir sem fyrst þar sem við hjá Iðnmennt / Ferðakortum erum t.d. núna að vinna í endurskoðun á kortum sem eiga að koma út n.k. vor.
- 2) Mikilvægt er að grunnurinn sé uppfærður og til reiðu fyrir okkur 1. janúar þess árs sem kortin eiga að koma út.
- 3) Við teljum að það sé ófært að leggja þær íþyngjandi skyldur á okkur kortaútgefendur að við þurfum að taka strax úr sölu eldri kort sem ekki eru byggð á grunninum. Við leggjum áherslu á að uppfærslan miðist við það þegar viðkomandi kort er næst endurskoðað. Hér mætti jafnvel setja einhver tímamörk þannig að öll útgefin kort í sölu bæri t.d. að uppfæra samkvæmt grunninum fyrir ákveðinn tíma.

Að öðru leyti fögnum við þessu frumvarpi og erum því efnislega sammála, m.a. hvað það varðar að Landmælingar haldi utan um þennan vega- og vegslóðagrunn. Við fögnum því einnig að hann skuli vera hugsaður án endurgjalds og lýsum okkur reiðubúin til þess að nýta okkur þennan grunn og merkja inn þau útgáfunúmer sem óskað er eftir.

Undirritaður er svo reiðubúinn að hitta ykkur, ágætu fulltrúar í Umhverfis- og samgöngunefnd, til að skýra mál mitt frekar, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Heiðar Ingi Svansson
framkvæmdastjóri
Iðnmennt ses / Ferðakort